

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar  
b/t Ólafs Melsted  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

5.maí 2019

**Efni: Ósk um fund með Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar.**


Kynslóðaskipti urðu á síðasta ári hvað varðar eignarhald á landareignum Sólvalla og í framhaldinu varð Sólvellir landþróunarfélag ehf stofnað, með nýja stefnu og stjórn. Landareignir félagsins eru 143 ha, sem er að stærstum hluta byggingarland og verðandi byggingarland í Reykjahverfi. Innan svæðisins er einnig að finna hluta af skipulagðri eystri stofnbraut Mosfellsbæjar (Kónsveg/Reykjaveg) og lítinn hluta tveggja tengibrauta sem eru mikilvægar tengingar milli hverfishluta innan Mosfellsbæjar (Skarhólabraut og ný vegtenging frá Helgafellshverfi að Kónsvegi).

Í framhaldi af fyrirhugaðri endurskoðun á aðalskipulagi Mosfellsbæjar óskar landþróunarfélagið að koma fyrir fund hjá skipulagsnefnd bæjarins og kynna þá greiningarvinnu sem unnin hefur verið af ráðgjöfum félagsins. Í framhaldinu vill félagið kanna möguleika á samráðsvettvangi með bæjarfélaginu, hvað varðar skipulagsmál svæðisins.

Kynningin mun fjalla um eftirfarandi atriði:

- Stofn og tengibrautir innan Sólvalla, sem hafa verið á aðalskipulagi um nokkra áratuga skeið. Nauðsynlegt er að fara að huga að þeim hvað varðar umferðaröryggi og flæði á milli hverfa bæjarins.
- Aðkomu að landi í eigu Mosfellsbæjar og er háð nýjum vegtengingum innan Sólvalla.
- Heildstætt endurmat á grænum svæðum í tengslum við vinnu á grænu skipulagi bæjarins, þar sem horft er til nýrra útivistarstíga, reiðleiða, opinna grænna svæða, skógræktar o.s.frv.
- Aðkomu að hönnun á nýjum ofanvatnslausnum í Reykjahverfi.
- Möguleika fyrir samráðsvettvang milli landþróunarfélagsins, stærri landeigenda svæðisins og Mosfellsbæjar sem myndi vinna að heildstæðu endurmati á landnýtingu svæðisins í tengslum við endurmat aðalskipulags.

Virðingarfyllst,



Ómar Ingbórsson  
Framkvæmdarstjóri,  
Sólvalla landþróunarfélags.